

**Fundur í foreldraráði Borgarholtsskóla**  
**Haldinn þann 7. nóv. 2012 í stofu 308 í Borgarholtsskóla**

Mættir voru: Hafdís, Elísabet, Svava, Día og Ásdís

Dagskrá:

1. Tengiliður við heimili og skóla verður Hafdís Pálsdóttir. Þær sem mættar eru vilja fá póst frá Heimili og skóla.
2. Bæklingi frá Heimili og skóla var dreift og fundarmenn beðnir að lesa hann til að fá hugmyndir sem mætti nýta í starfi foreldraráðs. Handbók frá Heimili og skóla lögð fram, sömuleiðis hugmyndir þar sem mætti nýta í starfinu. Ákveðið að ljósrita hana handa öllum fyrir næsta fund.
3. Félagslíf nemenda er meira en í fyrra og lítur vel út fyrir næstu önn. Þá fara fram Gettu betur, Morfís, söngkeppni framhaldsskólanna og glæsiballið þar sem foreldrar eru í gæslu. Rætt var um það í haust að endurskipuleggja busavígluna fyrir næsta haust en líttill áhugi er þó á því hjá nemendum. Nemendur réðu ekki vel við spennuna sem skapaðist í síðustu busavíglu og kennarar vilja ekki taka ábyrgð á slíkum aðstæðum. Eitt sem rætt hefur verið er að hafa busavígluna á skólalóðinni.
4. Nemendur nota mötuneytið í vaxandi mæli. Rætt um verðlag sem þykir hátt, rætt um kort með 20 máltíðum og engum gildistíma.
5. Kynningar: Hefur foreldraráð áhuga á meiri samskiptum milli foreldra og skóla? Eigum við að hafa fræðslufundi fyrir foreldra?  
Sigurlaug Hauksdóttir félagsráðgjafi hefur haldið erindi í framhaldsskólum um kynhegðun ungmenna. Áhugi á að fá hana hingað með erindi en athuga þarf með kostnað og fjármögnun. Jafnvel áhugavert að fá hana til að ræða bæði við foreldra og nemendur. Athuga einnig með námskeið í stefnumótamenningu á skóhlífadögum, t.d. makaleit.is. Stígamót væri líka áhugavert að fá.

Fundi slitið.